

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2211
komudagur 12.5. 2010

From: Dadi [mailto:dadi@deaf.is]

Sent: 12. maí 2010 10:53

To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir

Subject: RE: Athugasemdir frá Félagi heyrnarlausra varðandi frumvarp um sanngirnisbætur

Sæl Elín Valdís.

Þar sem fyrirspurn til ykkar frá Félagi heyrnarlausra um tímaramma við að senda athugasemdir við frumvarp um sanngirnisbætur skilaði sér ekki til baka, óskar Félag heyrnarlausra eftir því að fá að senda athugasemdir við frumvarpið á mánudaginn 17. maí. Meðal athugasemda frá félaginu er óskað eftir tilsjónarmanni til að vinna í málum heyrnarlausra þar sem margir þeirra eru hvorki læsir né skrifandi og ekki færir um að sækja málin sjálfir, hvernig málum þeirra sem ekki fóru í viðtal hjá Spanónefndinni verður háttað og hver eigi að standa staur að þeim kostnaði sem hlýst af því að lýsa kröfunum.. Eins er óskað eftir því að sá lögræðikostnaður sem til fellur við vinnslu málsins fyrir hönd heyrnarlausra verði kostaður af forsætisráðuneytinu.

Eins eru minnispointar hér fyrir neðan sem Félag heyrnarlausra óskar eftir að koma á framfæri:

1. Hef ekki sett mig inn í hvernig Döff koma til með að falla innan hugtaksins "ill meðferð" en c. liður 3. gr. um vanrækslu á uppeldi svo mjög að líkamlegri og andlegri heilsu sé mikil hætta búin hlýtur að eiga við um Döff.

2. Sama á við um 1. tölul. 4. gr. um tímalengd vistunar og annarra aðstæðna sem kunna að hafa gert reynsluna sérlega þungbæra. Aðskilanður frá fjölskyldu og tengslarof vegna ungs aldurs nemenda Heyrnleysingjaskólans hlýtur að telja.

3. annar. tölul. 4. gr. um missis tækifæra sem rekja má til hinna bótaskyldu atvika. Menntun og Döff hlýtur að eiga hér við. Spurningin er hvernig sanna á missi tækifæra og áhrif sem og þau atriði sem koma fram í punkti 1 og 2 hér ofar. Hvað þýðir þetta í framkvæmd? Dugir það sem fram kemur í skýrslunni um aðstæður Döff, orastefnuna og hvaða áhrif hún hafði á möguleika Döff til framtíðar eða þarf hver og einn að sanna þetta?

4. Varðandi 5. gr. um innköllun sýslumanns.

Það er alveg ljóst að Döff geta ekki séð um að lýsa kröfum sínum til sýslumanns. Það þarf að tryggja að þau fái aðstoð við að lýsa þessum kröfum sínum. Spurningin er þá hver á að veita þá aðstoð og hver á að standa straur að þeim kostnaði sem hlýst við þá aðstoð? Einnig þarf að gera ráð fyrir að einhverjir sem ekki fóru í viðtal við nefndina sbr. Döff sem búa í útlöndum, vilji lýsa kröfum sínum til sanngirnisbóta. Hvernig verður staðið að sönnunarbyrði í þeim málum þar sem ekki eru til nein gögn frá rannasóknarnefndinni sem sýlsumaður getur fengið aðgang að?

5. Varaðandi 6. gr. um sáttarboð. Þegar Döff fá skriflegt og bindandi sáttarboð. Þetta kallar líka á aðstoð. Texti í slíku sáttaboði er að öllum líkindum þannig að þau ráða ekki við að lesa og skilja textann og hafa þannig ekki forsendu til að taka afstöðu til sáttaboðsins. Hver sér um þetta og hver borgar?

6. Varaðandi 10. gr. tengiliður vegna vistheimila. Ráðherra á að skipa sérstakan tengilið sem á að koma á framfæri upplýsingum og leiðbeina þeim sem kunna að hafa rétt. Hér þarf að huga að sérstöðu Döff. Reynslan sýnir okkur að það gengur ekki að tilnefna tengilið fyrir þennan hóp sem hefur enga þekkingu á, sögu og samfélagi Döff sem og íslensku táknmáli. Það er mín skoðun að Fh þurfi að vekja sérstaka athygli á þessari sérstöðu og nauðsyn annarra úrræða fyrir félagsmenn.

Virðingarfyllst,

Daði Hreinsson

Framkvæmdastjóri

Félag heyrnarlausra

